

Fyrsti fundur  
þróunarsamvinnunefndar á árinu 2021  
í Jörundarstofu í utanríkisráðuneytinu og í fjarfundarformi fimmtudaginn 27. maí,  
kl. 11:00-13:00  
**Fundargerð**

**Mætt:**

Þórir Guðmundsson formaður, Birgir Þórarinsson (Miðflokkur), Bryndís Haraldsdóttir (Sjálfstæðisflokkur), Guðmundur Ingi Kristinsson (Flokkur fólksins), Rósa Björk Brynjólfssdóttir (Samfylking), Silja Dögg Gunnarsdóttir (Framsóknarflokkur), Smári Páll McCarthy (Píratar), Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir (Viðreisn), Geir Gunnlaugsson (Háskóli Íslands), Sjöfn Vilhelmsdóttir (Háskólasamfélagið, GRÓ landgræðsla), Atli Viðar Thorstensen (Rauði krossinn á Íslandi), Guðrún Helga Diop Jóhannsdóttir (Barnaheill – Save the Children á Íslandi), Laufey Birgisdóttir (ABC barnahjálpi), Ragnar Schram (SOS barnaþorp á Íslandi), Stella Samúelsdóttir (UN Women á Íslandi), Guðrún Margrét Guðmundsdóttir (ASÍ) og Halldór Benjamín Þorbergsson (Samtök atvinnulífsins).

**Fundinn sátu að auki:**

Ágústa Gísladóttir deildarstjóri innanlandssamstarfs þróunarsamvinnu á alþjóða- og þróunarsamvinnuskrifstofu (APS), Inga Dóra Pétursdóttir forstöðumaður sendiráðs Íslands í Lilongwe Malaví, Sara Ögmundsdóttir deildarstjóri fjármála og tölfræði APS og Gunnþóra Mist Björnsdóttir tölfræðingur APS.

Steinunn Þóra Árnadóttir og Ari Trausti Guðmundsson (Vinstri hreyfingunni – grænu framboði) tilkynntu forföll.

**Nefndarritari:** Sóley Ásgeirsdóttir

Fundur settur 11:03

1. Fundur settur

Formaður bauð nefndarmenn velkomna á fyrsta fund nýrrar þróunarsamvinnunefndar á árinu 2021 og lýsti yfir ánægju með að hefja störf. Að lokinni opnun fundar bauð formaður nefndarmönnum að kynna sig (hálf mínúta á einstakling). Þema í kynningum nefndarmanna var áhugi, tilhlökkun og vilji til að læra og fræðast um þróunarmál.

2. Drög að starfsáætlun og starfsreglur

Formaður fór yfir drög að starfsáætlun fyrir árið 2021 og er áætlunin í takt við áherslur Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Að lokinni yfirferð var nefndinni boðið að koma með athugasemdir við drögin.

Atli Viðar Thorstensen stakk uppá efni fyrir starfsáætlun, að taka til umræðu slagkraft Íslands á sviði þróunarsamvinnu undir formerkjunum „Team Iceland“ með það að markmiði að draga saman þau heildaráhrif sem Ísland er að hafa á líf þeirra einstaklinga sem njóta góðs af. Hér væri tækifæri til að vinna með þetta hugtak og ná fram samlegðaráhrifum frá mismunandi

aðilum og skila því á vettvang úti í heimi. Aðrir nefndarmenn tóku vel í þessa hugmynd en nefndu að hún þarfnæðist þó frekari umræðu og útfærslu. Þetta væri t.d. góð leið til að auka samtalið milli aðila sem starfa innan þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar. Ákveðið var að setja „Team Iceland“ inn sem umræðuefni á starfsáætlun 2021.

Formaður fór yfir núverandi starfsreglur nefndarinnar og voru nefndarmenn spurðir um álit á því hvort uppfæra þyrfti reglurnar eða hvort þær gætu staðið óbreyttar. Einnig var bent á að núverandi stefna um alþjóðlega þróunarsamvinnu rennur út 2023 og mun vinna við drög að nýrri stefnu hefjast um mitt næsta ár. Fulltrúum þóttu reglurnar veita skýra umgjörð um starfið í núverandi mynd. Formaður bauð nefndarmönnum að senda inn breytingartillögur fyrir næsta fund.

### 3. Viðbrögð við COVID-19 og áhrif faraldursins á þróunarsamvinnu

Formaður hóf dagskrárliðinn á yfirferð yfir efnahagsleg og heilsufarsleg áhrif COVID-19 á heimsvísu en Alþjóðabankinn áætlar t.d. að einstaklingum í sárafatækt geti fjölgað um 150 milljónir vegna faraldursins.

Forstöðumaður sendiráðs Íslands í Malaví, Inga Dóra Pétursdóttir tók næst til máls. Inga Dóra fór yfir margþætt áhrif faraldursins í Malaví en mikil nálægð er milli fólks í landinu og aðgengi að rennandi vatni ekki greitt. Hafa stjórnvöld þar í landi lagt áherslu á upplýsingagjöf um hreinlæti og annað til að sinna forvörnum vegna veirunnar. Í fyrstu bylgju í byrjun árs 2020 lokuðu flest gjafríki starfstöðvum sínum og sendu starfsfólk heim en eftir urðu þó stofnanir Sameinuðu þjóðanna. Heilsufarslegar afleiðingar urðu ekki slæmar í fyrstu bylgju en efnahagslegar og félagslegar afleiðingar töluverðar. Þar má helst nefna fjölgun barnahjónabanda í kjölfar skólalokana en í Mangochi héraði voru tæplega 6.000 barnahjónabönd skráð í kjölfar faraldursins. Síðari hluta árs 2020 kom seinni bylgjan af krafti yfir Malaví með suður-afríska afbrigði veirunnar. Fólk varð mjög veikt og spítalar fylltust. Dánartíðni var 3,4%, sem telst hátt. Seinni bylgjan brann þó hratt upp og eru nú örfá tilfelli á dag. Malaví fær bóluefni í gegnum COVAX samstarfið og eru bólusetningar hafnar.

Inga Dóra fór yfir spillingarmál sem kom upp í kringum COVID-19 fjármagn í Malaví en núverandi forseti landsins Lazarus Chakwera er mikill baráttumaður gegn spillingu. Tók hann hart á málinu og fyrirskipaði viðamikla rannsókn á því fjármagni sem um ræddi. Voru ráðherrar og héraðsstjórar settir af á meðan á rannsókn stóð en er héraðstjórinn í Mangochi er kominn aftur til starfa. Niðurstaða rannsóknarinnar leiddi í ljós að misferlið var ekki eins stórt og óttast var í upphafi en 62 voru handteknir vegna málsins og einn ráðherra rekinn. Inga Dóra lagði áherslu á að fjármagn Íslands hafi ekki verið hluti af spillingarmálinu en héraðsnálgunin sem Ísland beitir í samstarfi sínu við Mancochi hérað spilaði lykilhlutverk í skjótum viðbrögðum við COVID-19. Héraðsnálgunin leyfði sendiráðinu að bregðast hratt við og gat Ísland fjármagnað um 30% af viðbragðstáætlun Mangochi héraðs snemma í ferlinu.

Vegna tengingarvandamála datt Inga Dóra af línunni í augnablik. Birgir Þórarinsson bar upp spurningu tengda barnahjónaböndum og kynfæralímlestingum stúlkna og óskaði eftir því að nefndin leggði aukna áherslu á þessi mál, þ.e. fylgja eftir aðgerðum Íslands á þessum vettvangi.

Inga Dóra benti á að Ísland vinni með UN Women og Mannfjöldasjóði Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) í verkefnum þessu tengdu. Til að mynda veitti Ísland fé til UN Women í Malaví vegna herferðar gegn barnahjónaböndum og ótímabærum þungunum stúlkna.

Sem hluta af stuðningi við stofnanir í Malaví vegna COVID-19 veitti Ísland Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna fjármagn í tengslum við birgðarstjórnun. Allur stuðningur var veittur snemma á árinu 2020. Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna gat til að mynda sýnt fram á mikinn árangur snemma vegna fjármagnsins frá Íslandi og fékk stofnunin í kjölfarið hundruð milljóna króna úr viðbragðsjóðum Sameinuðu þjóðanna.

Inga Dóra lauk yfirferð sinni en nú er lægð hvað varðar COVID-19 viðbrögð og er tíminn því nýttur í að vinna upp önnur verkefni. Pólitísk krísa ríkir í landinu vegna spillingarmálsins en almenningur er ánægður með viðbrögð forsetans. Nú er áhersla lögð á upplýsingaflæði til almennings um bólusetningar og önnur atriði til að koma í veg fyrir að lélegar eða rangar upplýsingar berist til fólks.

Stella Samúelsdóttir kom inn á punkt Birgis en fjölgun sárafatækra hefur í för með sér aukningu á skaðlegum siðum líkt og barnahjónaböndum. Það er gríðarlegt bakslag í jafnrétti á heimsvísu og er UN Women á Íslandi með herferð í loftinu sem ber heitið „Skuggafaraldur COVID-19“ þar sem almenningur er hvattur til að styðja samtökin og verkefni UN Women. Einnig eru samtökin að hvetja atvinnulífið til að stíga meira inn í samstarf við félagasamtök, sérstaklega að fyrirtæki komi sterk inn með samfélagslega ábyrgð. Stuðningur einstaklinga hélt til að mynda áfram þrátt fyrir efnahagsþrengingar en fyrirtæki og stjórnvöld drógu úr stuðningi sínum við UN Women á Íslandi.

Ragnar Schram fór yfir upplifun SOS barnaþorpa í kjölfar faraldursins og var hún svipuð og annarra félagasamtaka. Ítrekaði hann þó að afleiðingar faraldursins eigi eflaust eftir að koma betur í ljós á næstu mánuðum.

Laufey Birgisdóttir tók til máls með yfirlit yfir starf ABC barnahjálpar í faraldrinum og þeirra viðbrögðum en hafa samtökin átt í þéttu og nánú samstarfi með sínum samstarfsaðilum á vettvangi sem hefur gert þeim kleift að bregðast við þrátt fyrir að komast ekki sjálf á staðinn.

Atli Viðar Thorstensen fór yfir starf Rauða krossins á Íslandi vegna COVID-19 en Rauði krossinn á Íslandi líkt og önnur landsfélög Rauða kross hreyfingarinnar fara með stoðhlutverk við stjórnvöld og á það við t.d. í Malaví þar sem samtökin leggja áherslu á að draga úr tortryggni vegna bólusetninga. Atli lagði einnig áherslu á að það væri margt annað í gangi á bakvið faraldurinn sem færi ekki í frí á meðan þ.m.t. vopnuð átök, áhrif loftlagsbreytinga, áhrif efnahagsþrenginga og samdráttur í útgjöldum til þróunarsamvinnu. Í þessu samhengi gætu samlegðaráhrifin og „Team Iceland“ hugmyndin komið inn af fullum krafti.

Guðrún Helga Diop Jóhannsdóttir fjallaði um verkefni Barnaheilla – Save the Children á Íslandi í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó sem snýr að barnvænum svæðum, samfélagslega leidda barnavernd og fræðslu en verkefnið kom á réttum tíma og var til staðar þegar skólalokanir urðu í landinu svo að börn áttu samastað til þess að verja deginum í öruggu umhverfi. Til stóð að taka verkefnið út nú í sumar en eldgos í Goma truflaði þær áætlanir.

Formaður þakkaði fulltrúm fyrir innleggin og afskaplega góðar umræður áður en haldið var í næsta dagskrárlið.

#### 4. Eftirlit verkefna. Hvernig er hægt að koma í veg fyrir misnotkun fjár og misbeytingu valds í þróunarsamvinnu?

Formaður kynnti inn Ragnar Schram sem næsta framsögumann og nefndi sérstaklega að gagnsæi og góð framkoma hafi einkennt samtökin í gegnum fréttir af spillingu hjá alþjóðasamtökum SOS barnaþorpa. Mikilvægt væri að ræða slíka hluti opinskátt líkt og Ragnar hefur gert.

Ragnar Schram tók til máls og samsinnti því að mikilvægt væri að ræða þessa hluti og að í framsögn hans væri lögð áhersla á að segja frá persónulegri reynslu og aðkomu SOS barnaþorpa á Íslandi að spillingarmáli alþjóðasamtakanna. Ragnar tók fram að spilling sé hluti af daglegu lífi og oft sé talað um að u.þ.b. fimm prósent af framlögum til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu hverfi. Saga SOS barnaþorpa á Íslandi sé saga um það hvernig „leikmenn“ geta brugðist við og hafnað spillingu þegar þeir verða varir við hana. Það sé ógerlegt að koma í veg fyrir spillingu en spilling gerist aldrei í einangrun og því sé mikilvægt að til séu ferlar og innviðir fyrir þau sem verða vör við spillingu og vilja taka málið áfram.

SOS barnaþorpin á Íslandi byrjuðu sína vegferð eftir eftirlitsheimsókn til verkefna í Filippseyjum sem vatt uppá sig. Ekki fengust skýr svör um ákveðin atriði og fóru samtökin því að elta málið. Kom í ljós að innan samtakanna var stofnanamenningin brotin og var mikið af fólki sem vildi breytingar en þöggun og hroki einkenndi samskipti efstu ráðamanna. Fengin var lögmannstofa í Osló til að rannsaka málið og hefur hún birt sínar niðurstöður. Alþjóðasamtökin eru nú á réttari leið og virðast vera að taka til. Vonast er til að með nýjum alþjóðaforseta muni frekari hreinsanir eiga sér stað. Stofnanamenning samtakanna sé löskuð og muni það taka tíma fyrir samtökin að ná sér.

Að lokum ítrekaði Ragnar að til að þess að berjast gegn spillingu þyrfti verklag, reglur og tryggja ferla en fyrst og fremst þurfi vinnustaðamenningu sem umberi enga spillingu. Fólk þurfi tækifæri og vettvang til að getað tjáð sig og láta rödd sína heyrast. Þau sem vilji tilkynna brot þurfa alltaf að hljóta vernd.

Guðrún Margrét Guðmundsdóttir tók til máls og ítrekaði mikilvægi þess að vera meðvituð um menningarmismun en það sé mikil tortryggni gagnvart alþjóðasamfélaginu og hjálparstarfi þessa dagana. Bað hún Ragnar, ef mögulegt væri, um frekari mynd af þeim brotum sem áttu sér stað og komist hafa upp í kjölfar þessarar rannsóknar?

Ragnar svaraði og sagði að um væri að ræða brot gegn börnum í grunninn en úttektin og rannsóknin fjalli um að þau sem eiga að fylgja eftir barnaverndarmálum hafi brugðist og þar af leiðandi hafi gerendur fengið á tilfinninguna að þeir gætu komist upp með brot sín vegna þess að innviðir samtakanna hefðu ekki verið að taka á þeim. Æðsta valdið hafi tekið sér meira vald en það hafði og leyft spillingu og yfirhyllmingu mála.

Smári Páll McCarthy ítrekaði að það væri gagnlegt að stofnanir, samtök og fleiri komi sér upp föstum reglum til þess að taka á spillingu, einkum svo að þau sem standi upp gegn spillingu þurfi ekki að hafa neitt að óttast. Benti hann á nýleg íslensk [lög um vernd uppljóstrara](#).

Geir Gunnlaugsson tók til máls og benti á að eftirlit á vettvangi væri tryggasta leiðin til að fylgjast með peningum og framlögum. Góð þekking á vettvangi er lykilatriði ásamt heiðarlegri samvinnu. Spilling blasi alltaf við, líka á Íslandi.

Inga Dóra Pétursdóttir lagði áherslu á að í Malaví væri tekið vel á spillingu en spilling væri til staðar líkt og annarstaðar í heiminum en Malaví væri langt því frá undirlagt af spillingu. Ísland hefur ekki átt í neinum vandræðum í samstarfi sínu við héraðsyfirvöld í Mangochi og er það einkum góðri samvinnu og eignarhaldi héraðsins að þakka.

Sjöfn Vilhelmsdóttir talaði um að það væri mikilvægt að til staðar væru ferlar bæði hjá utanríkisráðuneytinu, félagasamtökum og öðrum aðilum til að taka við upplýsingum um hegðun sem stenst ekki skoðun og einnig spillingu. Ísland þarf að geta brugðist við upplýsingum um misferli.

Ágústa Gísladóttir fór yfir að ekki hafi komið upp nein stór mál hjá Íslandi í þróunarsamvinnu í gegnum árin og að spilling sé ekki útbreidd í starfi Íslands. Mikilvægt sé að vera sýnileg, byggja upp traust milli samstarfsaðila og ráðuneytisins en á sama tíma vera með þétt og gott aðhald.

Formaður dróg saman umræður og lagði áherslu á að það væri þörf fyrir vinnustaðamenningu sem þoli ekki spillingu.

## 5. Openaid.is. Staða verkefnisins og næstu skref

Formaður kynnti Söru Ögmundsdóttur og Gunnþóru Mist Björnsdóttur en þær standa fyrir verkefninu openaid.is á vegum utanríkisráðuneytisins. Openaid.is á að auka aðgengi og gagnsæi til almennings um framlög til þróunarsamvinnu.

Sara Ögmundsdóttir fór yfir ferlið á bakvið openaid.is og þá vinnu sem hefur átt sér stað í ráðuneytinu síðan síðla árs 2019 þ.m.t. yfirferð á gagnagrunni til að auðvelda meðferð gagna, aukið gagnsæi og greiningarhæfni. Öll vinna hefur verið í samstarfi við Advania. OpenAid er þekkt hugtak og voru aðrar síður skoðaðar og ítarleg þarfagreining gerð. Markmið með OpenAid er aðgengi, að fólk geti skoðað hvað sem er tengt þróunarsamvinnu og greint gögn eftir eigin hentisemi.

Búið er að birta síðuna á [www.openaid.is](http://www.openaid.is) og er þetta fyrsta skrefið í ferlinu. Ábendingarhnappur er á síðunni þar sem fólk getur haft samband og sent inn athugasemdir. Síðan mun vera birt á íslensku og ensku.

Gunnþóra Mist Björnsdóttir fór yfir möguleika á síðunni og sýndi fulltrúum hvernig nálgast mætti mismunandi upplýsingar með því að stilla síur og fletta í gegnum þau mælaborð sem eru í boði. Mikil vinna hefur farið í að fínstillta þær upplýsingar sem birtar eru á síðunni með áherslu á að þær séu sem aðgengilegastar.

Spurt var hvort hægt væri að taka út verkefni með jafnréttisfókus. Það er hægt með því að beita ákveðnum síum. Hægt er að skoða öll þverlæg markmið Íslands í þróunarsamvinnu og framlög til þeirra á síðunni.

Fulltrúar nefndarinnar voru beðnir um að fara inn á síðuna við tækifæri til að skoða gögnin og senda inn ábendingar í gegnum ábendingarhnapp ef einhverjar væru. Endurgjöf væri mjög velkomin.

Spurt var um gögn tengd móttöku flóttafólks en þau gögn eru aðgengileg á [openaid.is](https://openaid.is). Búið er að kljúfa gögnin í tvennt, annarsvegar vegna móttöku kvótaflóttafólks og hins vegar vegna kostnaðar við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Þessar tölur og önnur gögn má nálgast á forsíðunni.

Spurt var um kostnað vegna umsýslu (e. in-donor costs). Framlög eru merkt eftir reglum OECD-DAC og þar þarf t.d. að greina þennan kostnað og eru ákveðnar skilgreiningar til staðar um hvaða útgjöld falli hér undir. Skoðað verður hvort hægt verði að setja inn síur til að taka þetta betur til greina á síðunni.

Fulltrúar hrósuðu utanríkisráðuneytinu fyrir framtakið í kringum [openaid.is](https://openaid.is) og ríkti almenn ánægja hjá fulltrúum með síðuna. Formaður þakkaði fyrir góðar umræður og dró saman umræðuna með áherslu á mikilvægi aðgengis og yfirlits til skattborgara vegna útgjalda til þróunarsamvinnu.

## 6. önnur mál

Að lokinni yfirferð og umræðum vegna [openaid.is](https://openaid.is) opnaði formaður fyrir önnur mál ef einhver væru. Tekin var upp tíðni funda en skv. áætlun ættu að vera fimm fundir á árinu. Fulltrúar voru sammála um að taka ætti upp fundi í haust en ekki hefur tíðkast að halda fundi yfir sumartímenn. Niðurstaða umræðu var að næsti fundur nefndar yrði settur í október og yrði fundardagskrá þétt um haustið.

Formaður þakkaði kærlega fyrir fundinn og góðar umræður.

Fleira var ekki gert.  
Fundi slitið kl. 12:43